



Flúðir um versló í blíðskaparveðri

Myndasýrpa á bls. 10

Góð mæting var í Torfadali á Flúðum þegar traktoratorfæran fór fram í blíðskaparveðri. Mynd: Dagskráin/BRV

Eftir tveggja ára Covid-hlé var fjölskyldu- og bæjarhátíðin Flúðir um versló haldin um verslunarmannahelgina. Þetta var í 5. skipti sem hátíðin er haldin.

Fjölmennt var á hátíðinni í ár enda var mikið um að vera. Fastir liðir eins og fjölskyldu-skemmtun við félagsheimilið,

traktoratorfæran, slátturtraktoratrýllingur, furðubátakeppnin og brennan- og brekkusöngurinn voru allir á sínum stað en einnig voru dansleikir haldnir á kvöldin.

Bessi Theodórsson hefur séð um skipulagningu hátíðarinnar frá upphafi. „Hátíðin gekk vonum fram, fjöldi fállegra gesta

heiðraði okkur með nærveru sinni, veðrið var æðislegt og ég vona að allir hafi skemmt sér hið besta. Eftir svona helgi eflist maður í að gera meira og betur. Ég lofa því að Flúðir um Versló 2023 verður frábær og eru allir hjartanlega velkomnir,“ sagði Bessi kátur eftir vel heppnaða hátíð.

brv

Töðugjöld haldin á Hellu

Töðugjöld verða haldin í 27. skipti dagana 12. til 14. ágúst á Hellu, en þau hafa verið haldin frá árinu 1994 að undanskildum Covid-árunum og eru því með elstu bæjarhátíðum landsins. Töðugjöld er hátíð þar sem allir eru boðnir velkomnir og mikið er lagt uppúr því að fjölskyldan geti skemmt sér saman og dagskráin því miðuð að því. Fjölbreytta og skemmtilega dagskrá Töðugjaldanna má finna á heimasíðu Rangárpings ytra og á Facebook-síðu Töðugjaldanna.



Stutt í framkvæmdir við hreinsistöð á Selfossi

Á fundi eigna- og veitunefndar Sveitarfélagsins Árborgar 6. júlí sl. var samþykkt að fara í útboð á jarðvinnu vegna nýrrar hreinsistöðvar við Geitanes. Útboðinu er lokið og buðu fjögur fyrirtæki í verkefnið.

Eftirfarandi tilboð bárust í verkið „Útrás og jarðvinna hreinsistöðvar“:

Þjótandi ehf 145.575.800 kr. - 62,8% af kostnaðaráætlun. Stórverk ehf 152.528.500 kr. - 65,8% af kostnaðaráætlun. Borgarverk ehf 167.234.000 kr. - 72,1% af kostnaðaráætlun. Gröfutekni ehf 179.892.500 kr. - 77,5% af kostnaðaráætlun.

Kostnaðaráætlun var 231.980.000 kr. og eru öll verð með vsk.

Á fundi bæjarráðs fimmtudaginn 28. júlí var staðfest niðurstaða eigna- og veitunefndar og samþykkt samhljóða að fela sviðsstjóra mannvirkja- og umhverfissviðs að ganga til samninga við lægstbjóðanda svo fremi sem hann uppfylli kröfur útboðsgagna.

Það er ánægjulegt að loksins sé hægt að hefja framkvæmdir við nýja hreinsistöð á Selfossi en þetta verkefni hefur verið í vinnslu frá árinu 2013. Þessum verkhluta hreinsistöðvarinnar á að vera lokið í apríl 2023.

Fáðu
fagmann
í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Fáðu tilboð í auglýsingarnar
Auglýsingasíminn er 482 1944



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)

Tónlistarkennari óskast

Tónlistarskóli Rangæinga óskar eftir gítarkennara í 100% starfshlutfall. Kennt er samkvæmt Aðalnámskrá Tónlistarskólanna.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Tónlistarkennaramenntun eða tónlistar-menntun sem nýtist í starfi.
- Færni í mannlegum samskiptum
- Íslenskukunnátta eða vilji til að læra íslensku
- Metnaður fyrir kennslu nemenda á öllum aldri og öllum námsstigum
- Áhugi og metnaður fyrir samstarfi innan skólans

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Við Tónlistarskóla Rangæinga starfa um 20 tónlistarkennarar, þar er góður starfsandi og blómlegt starf.

Umsóknum skal fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi með rökstuðningi um hæfni viðkomandi í starfið. Öllum umsóknum verður svarað.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sandra Rún Jónsdóttir, skólastjóri í gegnum netfangið sandra@tonrang.is umsóknir skulu einnig sendar á það netfang.

Umsóknarfrestur er til og með 17. ágúst 2022.

Gengið í kringum miðbæ Selfoss

Menningarganga á Selfossi verður haldin í tólfta sinn laugardaginn 6. ágúst. Mæting við Tryggvaskála klukkan 16.00. Gengið verður niður Eyraveg og inn Kirkjuveg undir leiðsögn Björns Inga Gíslasonar. Inn hluta Sunnuvegjar undir leiðsögn Sigurðar Boga Sævarssonar, út aftur inn á Engjaveg þar sem Erla og Haddi taka við áður en Sigurður Bogi leiðsegir aftur á hinum hluta Sunnuvegjar en þar eru framkvæmdir sem takmarka. Inn Sigtúnið þar sem Böðvar Guðmundsson leiðir okkur og endum við burstabæ Fúsa Kristins við Bankaveg í sögum, kleinum og kaffi. Stjórnandi tólfstu menningargöngunnar er Kjartan Björnsson.



Hátt í 100 manns koma fram á stórtónleikum Hamingjunnar við hafið

Bæjarhátíðin Hamingjan við hafið hófst 2. ágúst og nær hápunkti á stórtónleikum laugardagskvöldið 6. ágúst. Það er mikið um að vera fyrir fjölskylduna alla þessa daga sem eftir eru af dagskránni. Sem dæmi um dagskrárliði má nefna sundlaugapartý, harmonikkuball á 9unni, garðtónleikar um allan bæ í samstarfi við Hljóm-listafélag Ölfuss, hverfapartý í gömlu bræðslunni, böll, froðufjör, Leikhópurinn Lotta og svona mætti lengi telja. En eins og áður sagði nær hátíðin hápunkti með stórglæsilegum tónleikum sem settir voru saman að tilefni 70 ára afmælis Þorlákshafnar síðasta sumar en voru færðir um ár út af veirunni heimsfrægu. Á tónleikunum koma fram m.a. Bassi Maraj, Reykjavíkurdætur, hljómsveitin Albatross ásamt gestum sem eru Jónas Sig, Ragga Gísla, Lay Low, Júlí Heiðar, Anna Magga og Emilía Hugrún. Rúsinan í pylsuendanum er svo Lúðrasveit Þorlákshafnar og Fjallabræður

sem stíga á svið þegar fjörið nær hámarki rétt áður en kveikt verður í flugeldasýningunni. Matarvagnar verða á staðnum frá kl. 18 um það leiti sem Dj EJ stígar á svið og strax á eftir honum eru heimahljómsveitirnar Sunnan 6 og Moskvít sem sjá um að hita mannskapinn vel upp áður en Bassi Maraj stígar á svið. Þá er enn ónefndur leynigeturinn sem má segja með

sanni að sé lifandi goðsögn.

Frítt er inn á tónleikana eins og alla aðra viðburði á vegum Sveitarfélagsins Ölfuss.

Eins og staðan er þegar þetta er skrifað er veðurspáin tvísýn en komi til þess að færa þurfi tónleikana inn, þá verður það kynnt vel á facebook síðu Hamingjunnar við hafið og á olfus.is

Verið hjartanlega velkomin til Þorlákshafnar.



Rangárþing ytra fær jafnlaunavottun

Rangárþing ytra hefur nú rhlotið jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Með jafnlaunavottuninni hefur Rangárþing ytra öðlast heimild Jafnréttisstofu til að nota jafnlaunamerkið til næstu þriggja ára. Vottunin var framkvæmd af faggiltu vottunarstofunni iCert ehf. sem hefur nú afhent Rangárþingi ytra vottunarskírteini ásamt skýrslu um niðurstöðu úttektar.

Jafnlaunavottun felur í sér vottun á jafnlaunakerfi sem Rangárþing ytra hefur innleitt og tryggir að málsmeðferð og

launaákvæðanir byggja á mál-efnalegum sjónarmiðum. Við ákvörðun launa er tekið mið af verðmætamati starfa, sem felur m.a. í sér að starfsfólki hjá Rangárþingi ytra skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu

kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, óháð kyni hvers og eins.

Jafnlaunavottunin er mikilvægur áfangi og gleðiefni að jafnlaunakerfi sveitarfélagsins hafi fengið jafnlaunavottun.

Rangárþing ytra





SUMAR MARKAÐS- DAGAR

Enn
meiri
lækkun



25-90%
afsláttur
af völdum vörum



Skannaðu kóðann og
skoðaðu tilboðin á byko.is

SAMAN Í
60 ÁR

BYKO

Hátt í 5000 manns á Unlingalandsmóti á Selfossi

Um þúsund þátttakendur á aldrinum 11-18 ára voru á Unglingalandsmóti UMFÍ með fjölskyldum sínum á Selfossi um sl. helgi og því á bilinu 4-5000 manns á mótinu. Mótsgestir voru til fyrirmyndar og urðu engin vandkvæði. Veðurbliðan lék við mótsgesti og ansi gott veður alla verslunarmannahelgina fyrir utan einstaka andvara sem rétt dugði til að kæla keppendur í hita leiksins.

Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS) hlaut Fyrirmyndarbikarinnar eftirsóttá við slit Unglingalandsmóts UMFÍ sem fram fór á Selfossi um verslunarmannahelgina. Gríðarlegur fögnuður braust út hjá félögum USVS þegar Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, tilkynnti hver hlyti bikarinn.

Bikarinn er alltaf afhentur þeim gestum mótsins úr röðum sambandsaðila UMFÍ sem sýna þróðmennsku og eru til fyrirmyndar í einu og öllu á mótinu.

Sérstaklega margir þátttakendur voru frá USVS á mótinu og klæddir vel merktum treyjum svo ekki var hjá því komist hvaðan þeir voru.

Hljóp á milli keppnisstaða
Unglingalandsmótinu var slitið um miðnætti á sunnudagskvöldi. Keppni lauk á sunnudeginum og voru síðustu keppnirnar æsispennandi í kökuskreyingum og skák. Kökuskreyingar voru ein vinsælasta greinin en um 250 þátttakendur voru skráðir til leiks. Mjög algengt var að þátttakendur væru skráðir í fleiri en eina grein.

Ingi Rafn William Davíðsson frá Keflavík lenti einmitt í því undir lok dags. Málið leysti hann með því að hlaupa á milli keppnisvæði og skreyta kökuna sína á milli leikja í skák. Kakan leit vel út en skilaði honum ekki vinningi. Hann vann hins vegar tvær skákir og skemmti sér konunglega.

Tónleikar og mótslit

Kvöldið endaði með tónleikum í samkomutjaldinu á tjaldsvæðinu. Að þeim loknum gengu mótsgestir fylktu liði á eftir gamalli dráttarvél að Selfossvelli þar sem mótinu var slitið með formlegum hætti.

Á Selfossvelli þakkaði Þórir Haraldsson, formaður framkvæmdanefndar Unglingalandsmótsins, þátttakendum fyrir komuna og frábæra helgi. Þórir er fulltrúi Héraðssambandsins Skarphéðins (HSK) sem hélt mótið ásamt Sveitarfélaginu Árborg.

Að því loknu ávarpaði Jóhann Steinar mótsgesti. Landsmótseldurinn, sem hafði logað alla verslunarmannahelgina, var slökktur. Að því loknu dró Gunnar Þór Gestsson, formaður Ungmennasambands Skagafjarðar, Hvítbláan, fána UMFÍ niður. Gunnar Þór geymir fánann næsta árið en Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Sauðárkróki á næsta ári.



Takk Vilborg mín að skora á mig. Þessi réttur er frekar fljótur í vinnslu.

- Hakkbollur í salsa**
½ kg hakk
½ laukur saxaður gróft
1 egg
Sítrónupipar
Kjöt og grillkrydd
2 msk. Salsa Doritos milda (litla krukku)



Sigríður Egilsdóttir
er matgæðingurinn þessa viku
4 msk. hveiti
2 msk. kartöflumjöl
½ tsk. Lyftiduft
2 msk. kakó
1 tsk. vanilludr.

Allt sett í skál og hrært saman haft frekar gróft. Þá er sett í form ca. 12 bollur rest af salsa krukgunni sett yfir bollurnar. Helli þá smá rjóma á milli bilana (ca einn bolli) þá er sett kornflegs eða doritos snakk yfir. Og afgangsst ost eða kurlaðan yfir allar bollurnar. Eldað við 200°C í 30 til 40 mín. Borið fram með brauðbollum salati kartöflum eða grjónum.

Hér kemur terta sem er mjög vinsæl.

- Banararúlluterta**
4 egg
1 bolli sykur

Egg og sykur þeytt vel saman. Þurrefni sett úti þeytt smá. Set smjörpappír í ofnskúffu. Bakað á 180°C í 30 mín. Smjörpappír á borð smá strá sykur svo hún límist ekki við. Þeyttur ½ lítri af rjóma og tvo stappa banana í rjómann. Sett á botninn og rúllað upp.

Verði ykkur að góðu.

Skora á vinkonu mína Andreu Rafnar sem hefur mikla ástríðu fyrir allskonar gúmmulaði.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Enn blæs á móti

Selfoss tapaði illa fyrir Aftureldingu þegar liðin mættust á JÁVERK-vellinum þriðjudaginn fyrir verslunarmannahelgi í grenjandi rigningu. Afturelding komst yfir í leiknum og eftir það sáu okkar menn aldrei til sólar.

Afturelding bætti við öðru marki skömmu fyrir hálfleik og það þriðja kom mjög snemma í síðari hálfleik. Valdimar Jó-

hannsson gaf okkar mönnum vonarglætu þegar hann minnk-aði muninn í 1-3 en Afturelding skoraði síðasta mark leiksins og fór með öruggan sigur af hólmi.

Það blæs því rækilega á móti okkur þessa dagana en við höldum áfram, það er nóg eftir í þessu. Næsti leikur er gegn Þrótti Vogum, í Vogum þann 4. ágúst.



Guðrún(ÍBR), Sara Mist(HSK), Briet(UMSS) ánægðar eftir verðlaun í kringlukasti.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUBURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi,
Eyravegi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson,
sími 856 0656, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi.
Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

SVANSMERKI
Prentgripur
1041 0856

Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Óhappið hún yfir fer,
og í máli stundum.
Finna má á fæti þér,
freisting sem á disk er
og býli þetta fyrir austan fundum.

Svar við gátu í blaði 2659: **DRÁTTUR**
1. Lína: **Dráttur** á hverfisteini
2. Lína: Fiski**Dráttur** - 3. Lína: Fjár**Dráttur**



TM



Það er góð
byrjun að
vera hjá TM

Kynntu þér málið á tm.is



Þjónar í sal og starfsfólk í eldhús

Ingólfsskáli Veitingahús leitar að jákvæðu og drífandi starfsfólki í hlutastarf til að starfa í sal og eldhúsi. Um er að ræða kvöldvaktir.

Umsækjendur þurfa að búa yfir ríkri þjónustulund og hafa metnað til að veita gestum veitingastaðarins framúrskarandi þjónustu.

Umsóknir og fyrirspurnir berist á ingolfsskali@ingolfsskali.is.

**Ný störf
auglýst í
hverri viku!**

»DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Hamarsmenn styrkja leikmannahópinn

Nú fer að stytast í að Úrvalsdeildin í blaki hefjist og eru þrefaldir meistaras Hamars frá síðasta tímabili á fullu að fá mynd á leikmannahópinn fyrir komandi tímabil. Fjórir erlendir leikmenn sem léku með liðinu á síðasta tímabili, þeir Tomek Leik, Damian Sapor, Jakub Madej og spilandi þjálfarinn Radoslaw Rybak, verða ekki með liðinu í vetur og því ljóst að töluverðar breytingar verða á leikmannahópnum.

Þegar er búið að fylla í skarð tveggja leikmanna og þjálfarans. Hamar samdi á dögunum við uppspilarann Hubert Lasecki og kantmanninn Marcin Graszka, en þeir eru báðir frá Póllandi. Hubert verður 23 ára á árinu en hann spilaði síðast með Olsztyn 2 í Póllandi. Marcin er 24 ára og spilaði með Ishøj Volley í Danmörku. Fyrr í sumar samdi Hamar við þjálfarann Tamas Kaposi frá Ungverjalandi, en hann tekur við keflinu af Rybak sem spilandi þjálfari.



Ók á 161 km hraða með tvo beltislausar farþega

Fjöldi fólks var saman komið í embætti Lögreglustjórans á Suðurlandi yfir verslunarmannahelgina. Á Flúðum fór fram fjölskylduhátíðin Flúðir um versló. Þá var Ungmennalandsmóti UMÍ haldið á Selfossi. Fjölmenni fór í gegnum embættið á ferðalögum ásamt því að lang stærstur hluti þjóðhátíðargesta fór í gegnum embættið á leið sinni í Landeyjahöfn. Fjölmenni var á flestum tjaldsvæðum bæði í vestur- og austurhluta embættisins.

Helgin fór að stærstum hluta stóráfallalaust fram innan embættisins. Lögreglumenn voru með virkt eftirlit bæði með umferð og skemmtanahaldi í tengslum við þau mannamót sem voru haldin innan embættisins. Ásamt því var eftirlit í samstarfi við þyrnuhöfn Landhelgisgæsluna þar sem flogið var með hringveginum og um hálendið.

Það eru 360 mál og verkefni skráð hjá embættinu yfir verslunarmannahelgina.

Tilkynnt var um kynferðisbrot, einnig barst tilkynning um mögulega byrlun ólyfjan. Þrjár tilkynningar bárust um eignarspjöll. Þessi mál eru til rannsóknar hjá embættinu.

Átta ökomenn voru kærðir fyrir akstur undir áhrifum

ávana- fíkniefna og eða lyfja. Sextán ökomenn voru kærðir fyrir akstur undir áhrifum áfengis auk þess var akstur um þrjátíu ökomanna stöðvaður þar sem áfengi mældist í við prófun en var þó undir refsimörkum skv. Umferðarlögum. Þá voru tólf ökomenn kærðir fyrir að aka án gildra ökuréttinda. Þá voru 25 ökomenn stöðvaðir vegna þess að þeir óku of hratt. Sá sem hraðast ók var á 161 km/klst hraða og voru tveir farþegar í aftusæti bifreiðarinnar án öruggisbelta.

Lögregla aðstoðaði auk þess fjölda einstaklinga sem voru ýmist öðrum til ama eða ósjálfbjarga vegna neyslu áfengis eða annara vímuefna.

Starfsmenn Lögreglustjórans á Suðurlandi vilja þakka öllum þeim sem þeir áttu í samstarfi og/eða samskiptum við um helgina fyrir gott samstarf, hvort sem það voru aðrar stofnanir, mótshaldarar hátíða, íbúar eða gestir svæðisins. Lang flest samskipti voru jákvæð og telur lögreglan að það virka eftirlit sem haft var um helgina, hafi átt þátt í því að einungis var tilkynnt um sex minniháttar umferðarslys hjá embættinu um verslunarmannahelgina.

Lögreglan á Suðurlandi



GRÍMSÆVINTÝRI Á BORG 6. ÁGÚST

Dagskrá frá 13.00-16.30

TOMBÓLA - KLIFURVEGGUR - BLÚNDUKAFFI

MARKAÐUR - SIRKUS ANANAS - SLACKLINE ICELAND

TINTRON - LEIKFÉLAGIÐ BORG - POPP OG CANDYFLOSS

TOMBÓLA - MIÐAVERÐ 400KR - ENGIN NÚLL

Frítt í sund á meðan hátíðinni stendur - flott tjaldsvæði á staðnum

ÖLL VELKOMIN - Frí aðgangur



Grímsævintýri á Borg er litil sveitahátíð í umsjón Kvenfélags Grímsneshrepps. Hátíðin er styrkt af Grímsnes- og Grafningshreppi.

ÞORLÁKSHÖFN
2. til 6. ágúst



Alla dagana
í Hamingjunni við hafið

Hamingjurásin í loftinu
Hægt að hlusta á netinu (linkur á hafnarfrettir.is)
og í útvarpi á FM-tíðni 106,1

Sögusýning í römmunum við Selvogsbraut

Frisbí golf
Fáið frisbíðiska í afgreiðslunni í íþróttahúsinu

Sundlaugin opin

Gryfjan fjallahjólagarður opin

Hverfaskraut til sölu í VISS
á milli kl. 9:00-13:00 virka daga

Black Beach Tours með fjórhjóla- og RIBferðir

Veitingastaðir opnir:
Cafe Sól, Caffè Bristól, Skálinn og Thai Sakhon

Gisting í Þorlákshöfn:
Black Beach Guesthouse,
Tjaldsvæði Þorlákshafnar

Fimmtudagur 4. ágúst

- 16:00 - Sundlaugapartý og tónleikar á bakkanum
18:00 - í samstarfi við ungmennaráð og Geo Salmon.
Leikir, krap og unghljómsveitin Gullfax spilar kl. 16:00,
allir geta komið á bakkann og hlustað.
Kaffi fyrir fullorðna.
17:00 Undirbúningur fyrir hverfapartý í bræðslunni
18:00 Grill og harmonikkuball á 9unni
- í samstarfi við Geo Salmon og Ölfusborg
Komið með á grillið og dansskóna og góða skapið
19:15 Garðtónleikar Hljómistafélags Ölfuss*
- í samstarfi við Þormóð Ramma
Nánari upplýsingar á FB viðburði

Hamingjudagskráin

Föstudagur 5. ágúst

- 15:00 Froðurennibraut, froðubolti, DJEJ og bubblu boltar
- í samstarfi við ungmennaráð, Sjóvá og
brunavarnir Árnessýslu
19:30 Hverfaskrúðganga. Lúðrasveit Þorlákshafnar leiðir
alla í Hverfapartýið
20:00 Hverfapartý í Bræðslunni - í samstarfi við Smyril Line
Veitingar í boði hverfanna, skemmtiatriði hverfanna
og bræðslusöngur með Jarli Sigurgeirs
23:00 Körfupartý Þórs og grillaðir borgarar í Versölum*

Laugardagur 6. ágúst

- 9:00 Íslenskir fánar dregir að húnunum
9:30 Sandkastalagerð í Skötubót,
gengið niður í fjöru frá bílastæðum golfvallarins
10:00 - Frisbígolf,
17:00 fáið frisbíðiska í afgreiðslunni í íþróttamiðstöðinni
10:30 Núvítundarstund í garðinum hjá Helgu og Sigga,
Lyngbergi 17 (20-30 min) Röleg stund til að staldra við,
hugleiða, virkja ímyndunaraflíð og skynfærin,
fagna því sem er hér og nú.
11:30 Leikhópurinn Lotta í Skrúðgarðinum
- í boði Kvenfélags Þorlákshafnar
12:30- Handverk og heilsa.
16:30 Ópið hús hjá Helgu og Sigurði að Lyngbergi 17.
12:30- Súpa og sýning
16:30 hjá Róberti Ingimundar Gissurarbúð 1.
12:30- Myndlist og gróðurveggir til sýnis og sölu
16:30 hjá Kristínu á Heinabergi 20.
12:30- Anna Margrét Smáradóttir með sýningu
16:30 í galleríinu Undir stiganum.
12:30- Markaðsstemming á 9unni
16:30

13:00 - Krakkafjör við Grunnskólann

16:00 - í samstarfi við Heidelberg og Apótekarann.

Sirkus unga fólksins með sýningu, vinnusmiðjur,
bláðrara og andlitsmálningu

Leikvöllur með opnum efnivið
(komið með hamar og sög)

Vatnaboltar

Nerf völlur

Hoppukastalar

18:00 Matarvagnar Reykjavíkur street food

19:00 Stórtónleikar í Skrúðgarðinum

- í samstarfi við Ísþór og Geo Salmon

DJEJ

Sunnan 6

Moskvit

Bassi Maraj

Reykjavíkurdætur

Albatross ásamt gestum:

Jónas Sig, Ragga Gísla, Lay Low, Júlí Heiðar,
Anna Magga, Emilia Hugrún, Fjallabæður og
Lúðrasveit Þorlákshafnar ásamt leynigestil

23:50 Flugeldasýning

í samstarfi við Smyril Line, Kiwanisklúbbinn Ölver
og Björgunarsveitina Mannbjörgu

00:00 Stórdansleikur í Versölum*

Jónsi "í Svörtum fótum" og Unnur Birna
ásamt hljómsveiti.



ÖLFUS
olfus.is

Keyrði frá Tékklandi til Íslands

Jana Tomanová er eftirtektarverð listakona sem varð ástfangin af Íslandi við fyrstu sýn og gat ekki hugsað sér annað en að setjast hér að. Jana býr ásamt Einari Viðari Viðarsyni í Ásólfs-skála þar sem hann rekur bílaverkstæði en stór partur af fjölskyldu Einars býr í sveitinni. Foreldrar Einars, Viðar Bjarnason og Þorgerður Jóna Guðmundsdóttir keyptu búið á áttunda áratugi síðustu aldar, stækkuðu það umtalsvert á sínum tíma og eru bændur í Ásólfs-skála sem hefur tvisvar sinnum í þeirra búskap hlotið verðlaun fyrir snyrtilegasta búið í Rangárþingi Eystra. Guðmundur Jón Viðarsson, bróðir Einars sem er yfirleitt kallaður Mummi keypti Skálakat af foreldrum sínum fyrir nokkru og hefur endurbyggt gamla hlöðu og fjós sem var þar og breytt í glæsilegt lúxushótel og veitingastað sem stendur spölkorn frá Ásólfs-skála. Katrín Birna Viðarsdóttir eða Kata, systir Einars hefur tekið við bústörfum í Ásólfs-skála af foreldrum sínum og býr einnig á svæðinu en Sigríður Karólína Viðarsdóttir sem er gjarnan kölluð Sigga er sú eina sem hefur yfirgefið paradísina sem heimahagar þeirra eru en flutti þó ekki lengra í burtu en á Hvolsvöll, svo mikið er aðdráttarafl þessa dásamlega staðar.

Ásólfs-skáli er ekki bara sveitabær, heldur geta gestkomandi heimsótt glæsilega traktorasafnið hans Viðars, kíkt í stúdíóið hennar Jönu, fengið Einar til að laga bílinn sinn, fengið sér göngutúr um stórbrotið landslagið og sameinað þetta allt með því að gista í einu af litlu sumarhúsum sem Kata leigir út. Síðan má að sjálfsögðu fylla á tankinn á glæsilegum veitingastaðnum í Skálakoti og enda ferðina á hestaferð úr hesthúsi Skálakots.

Paradís suðursins

Fegurðin sem blasir við mér í þegar ég ek inn veginn að Ásólfs-skála er óviðjafnanleg og gerir það mjög auðvelt að skilja hvers vegna manneskja sem kemur frá jafn fallegu landi og Tékkland er, finnur það í sér að vilja setjast að á Íslandi. Einar tekur glaðvær á móti mér þar sem ég stend ringluð á einu af nokkrum bílastæðum við Ásólfs-skála og beinir mér heim að bænum, þaðan sem Jana kemur skokkandi með bros á vör, kyssir Einar sinn og heilsar mér. Fast á hæla Jönu kemur hundurinn Assa sem tekur mér fagnandi og ýtir ennfremur undir það hversu ánægjulegt er að sækja þennan fallega bæ heim.

Brosmild Jana leiðir mig í átt að bænum, þaðan sem ég finn ljúfan ilminn af nýbúkuðum flatkókum í loftinu. Ég



kemst fljótt að því hvaðan lyktin kemur þegar við göngum á bakvið hús en inn um opnar dyr sjáum við Jónu þar sem hún heilsar okkur glaðlega, svuntuklædd með spaða í hönd og bakar flatkökur. Við Jana höldum áfram með Össu vappandi okkur við hlið, röltum framhjá hænsnakofa með fullt af gaggandi hænum inni í hálfgerðum skógi sem leynist í bakgarðinum, áður en við höldum inn að litlu vinnustofunni hennar Jönu.

12 ár af listnámi

Jana ólst upp í litla bænum Pečky sem staðsettur er um 35 km austan við Prag, hún sótti nám til borgarinnar í 12 ár í þremur skólum. Í þeim fyrsta lagði hún stund á nám við það sem næst kemst því að kallast auglýsingalist á íslensku, í öðrum skóla nam hún illþýðanlegu en áhugaverðu fræðin „interactive graphic“ en síðan lauk Jana B.A. og meistaraþrófi í listnámi við „Faculty of Education; Charles Univerzity“ í Prag. Eftir að hafa ferðast á milli borgar og bæjar endaði hún með því að flytjast til Prag í 4 ár en í náminu hafði hún lært fjölmargar gerðir af listsköpun til dæmis að teikna og mála, prentækni og endaði hún á að starfa við grafiska hönnun á auglýsingastofu í Prag í rúm tíu ár, að hluta til samhliða náminu.

Leit að flugi til Nýja Sjálands leiddi hana til Íslands

Árið 2014 settist Jana fyrir framan tölvuna og ætlaði að panta sér flug til Nýja Sjálands þar sem kær vinkona hennar bjó. Þessi flugleit varð þó ansi afdrifarík og endaði ekki eins og Jana hafði búist við. „Þegar ég var að „gúgla“ Nýja Sjáland komu upp myndir af Íslandi, þegar ég fór svo að skoða þær betur hugsaði

ég, vá, þetta er geggja! Án þess að vita almennilega hvar Ísland var varð ég svo heilluð af landinu á þessum myndum og varð sannfærð um að ég yrði að fara þangað. Svo skemmdi það ekki fyrir þegar ég sá að flugmiðinn var töluvert ódýrari. Svo ég hringdi í vinkonu mína og sagði sorry, ég kem ekki til Nýja Sjálands, ég er að fara til Íslands. Ég sagði henni að ég hefði kolfallið fyrir því, þó ég væri ekki alveg viss um hvar það væri, ég ætlaði að fara þangað að ferðast. Hún spurði hvort ég væri að tapa glórunni, þetta væri hinumegin á jörðinni,“ segir Jana skellihljæjandi.

Á þessum tíma átti Jana kærasta sem hún tjáði, eftir afdrifaríku flugleitina, að hún ætlaði til Íslands. „Hann skildi ekkert í mér og spurði mig afhverju ég ætlaði þangað. Ég gat ekki svarað neinu nema að ég þyrfti að fara þangað, ég vissi ekki til hvers, ég þyrfti bara að fara þangað til að komast að því. Það endaði með því að hann kom með mér en áður en við fórum varð ég alveg sjúk í Ísland, ég keypti fullt af kortum og í tvo mánuði var ég með stórt Íslandskort í stofunni hjá okkur þar sem ég límdi límmiða á staðina sem ég vildi heimsækja. Þegar við loksins lentum langaði mig að gráta úr gleði yfir því að vera loksins komin hingað, þetta var ótrúlega skrítið.“

Þessi fyrsta heimsókn stóð í tvær vikur í júní árið 2015. „Við tókum klassíska túristahringinn en mig dreymdi um að ganga úr Landmannalaugum til Skóga en það var ekki hægt á þessum árstíma svo ég hugsaði með mér að ég yrði bara að fara þá ferð á næsta ári. Við kærastinn hættum saman eftir að við komum aftur til Tékklands og ég fór á fullt í að reyna að finna einhvern til að koma með mér í næstu Íslandsferð. Það voru nokkrir vinir mínir sem langaði með en það fjaraði út og endaði með því að ekkert varð úr þeirri ferð.“

Lét meiðsli ekki stoppa sig

Það var því árið 2017 sem Jana ákvað að láta slag standa og setti stefnuna á Ísland, ein síns liðs. „Ég keypti bara miða, ákvað að fara í gönguna og gera þetta sjálf, ég gæti það alveg. En svo þremur dögum fyrir flugið hingað slasaði ég mig illa á fæti og gat þar af leiðandi ekki farið í gönguna, ég var svo þrjóskað að ég ákvað að fara samt til Íslands. Mamma hringdi í mig þegar ég var á flugvellinum og spurði hvort mér væri alvara, hvort ég ætlaði virkilega að fara svona á mig

komin. Ég var staðráðin í þessu og sagði bara já, ég er að fara.

Þegar ég lenti, tók ég rútu til Landmannalauga þar sem ég eyddi 2 dögum, ég reyndi að ganga en það var ekki hægt. Þetta var hræðilegt, ég endaði bara grátandi á einhverri hæð þarna þegar það rann upp fyrir mér að ég væri bara alein hérna, heilinn minn var að uppgötva hvað ég væri búin að koma mér úti og að það væri kannski ekkert mjög sniðugt. En ég varð aðeins skárri í fætinum og var með mjög sterk verkjalyf með mér,“ segir Jana og hlær.

„Ég var svo glöð að hafa farið til Íslands og bara það gaf mér svo mikið. Síðan tók ég rútu yfir í Þórsmörk en þar gerðist eitthvað mjög skrítið sem ég held að hafi verið upphafið af þessu öllu, því að ég hafi bara breytt lífinu mínu og skilið allt eftir í Tékklandi sem ég gerði. Ég hafði aldrei komið til Þórsmörkur áður en þetta var eins og að koma heim. Ég fann bara að ég þekkti þennan stað og hinn staðinn og ég vissi bara hvar ég var, samt var þetta í fyrsta sinn sem ég hafði komið þangað.“

Ein nótt enn

„Ég gisti þar í eina nótt, svo bætti ég við annarri og einni enn og þegar ég hafði verið þar í tæpa viku hugsaði ég með mér að ég yrði nú að halda áfram ferðalaginu, sjá meira. Ég tók því rútu til Skóga en í rútunni byrjaði ég bara að gráta því ég var svo leið yfir því að vera að yfirgefa Þórsmörk. Ég var svo tilfinninganám, það er svo erfitt þegar maður er einn og hefur allar þessar tilfinningar en engan til að deila þeim með, það var allt á mínun herðum, svo ég var mjög grátgjörn í tvær vikur, en þegar ég kom í Skóga vildi ég bara fara aftur til Þórsmörkur svo ég gerði það og var þar út ferðina og þar ákvað ég að ég myndi gera allt sem ég gæti til að geta komið þangað aftur og eytt meiri tíma þar. Þessi heimsókn endaði sem sagt með því að ég eyddi allri ferðinni í Þórsmörk, ég held að þau séu enn hlæjandi að mér þarna eftir að ég hélt áfram að koma og bæta við einni nótt í viðbót alla ferðina,“ segir Jana og hlær.

Í lok sumarsins byrjaði Jana að hafa samband við Volcano Huts í gegnum tölvupóst. „Ég held þau gleymi mér heldur aldrei því ég var svo uppáhrengjandi við þau, hætti ekki að senda pósta en þau svöruðu mér og sögðust ætla að vera í sambandi í janúar. Ég var ekki nógu þolinmód svo ég keypti mér flugmiða til Íslands í 3 nætur í janúar 2018, sendi þeim póst og sagði að ég yrði á Íslandi þessa daga og að ég vildi endilega kíkja á þau.

Binni, einn eigenda Volcano Huts sagði mér blátt áfram að hann hefði farið í gegnum ferilskrána mína en að hann sæi ekki að ég hefði neitt að bjóða þeim, ég hefði enga reynslu eða þekkingu á þessu sviði en honum leist mjög vel á metnaðinn sem ég hafði augljóslega eftir alla tölvupóstana og hann vildi gjarnan hitta mig. Það endaði með því að hann réði mig á staðnum. Það var skelfilegt veður þarna í janúar og þessi barnslega von sem margir ferðamenn hafa um að geta séð norðurljósin hvenær sem er yfir veturinn var fljót að hverfa út í vindinn, bókstaflega,“ segir Jana létt í bragði.

Ljúfsárt að elta drauminn

„Ég flaug aftur heim, sagði frábæra starfi



Hænsnakofinn í skóginum.

mínu í Tékklandi lausu og tók mér góðan tíma í að útskýra fyrir mömmu minni af hverju ég vildi fara, hún var ekki ánægð með mig en eftir að hún kom hingað í heimsókn held ég að hún skilji þetta. En við mamma eigum mjög sterk tengsl, ég á tvo eldri bræður og er þar af leiðandi eina stelpa og yngsta barnið svo hún átti mjög erfitt með að sjá á eftir mér hingað. Þetta var mjög erfitt fyrir okkur báðar en ég hugsa að þetta hafi verið erfiðara fyrir hana en mig.“

Keyrði frá Tékklandi til Íslands

Jana kom til Seyðisfjarðar þann 22. maí 2018, hún keyrði frá Tékklandi alla leið til Danmerkur til þess að geta siglt með bílinn sinn til landsins, ég skaut því að henni að hún hefði þá eiginlega keyrt frá Tékklandi til Íslands sem verður að teljast nokkuð gott. „Það er svo fyndið hvernig heilinn virkar. Þú fattar ekki fyrrenn þú ert stödd ein á Austfjörðum, ein að keyra í bílnum þínum, með aleiguna í skottinu og hugsar, hvað var ég að gera? Ég skildi gjörsamlega allt eftir, góða vinnu, alla vini mína og fjölskyldu til að koma hingað, er ég ekki í lagi?

En ég held að þegar upp er staðið hafi þetta verið besta ákvörðun ævi minnar. Ég kom hingað til að vinna í þrjá mánuði en fjórum árum seinna er ég enn hér.“

Nokkrum dögum eftir komuna til landsins hóf Jana störf hjá Volcano Huts í Húsadal en þar eyddi hún fjórum sumrum og tveimur vetrum og hlæjandi segist Jana hafa verið umsjónarmaður þar í þrjú ár. „Þetta var svolítið merkilegt því ég kom þarna algjörlega reynslulaus, með agnarsmátt sjálfsálit, talaði varla ensku, hvað þá íslensku og var þarna svolítið eins og grá mús en eftir fyrsta sumarið og veturinn var ég beðin um að taka við

umsjón staðarins. Ég sagði þeim að það væri ekki góð hugmynd, ég talaði ekki íslensku og að enskan mín væri ekki góð en þau höfðu trú á mér og ég endaði með því að sjá um þetta í þrjú ár.

Þetta var virkilega góður tími en þrjú ár voru nóg í þessari stöðu, ást mín á Þórmörk hefur ekki dvínað en núna get ég aftur farið þangað sem ferðamaður, án skuldbindinga. Þetta var yndislegur partur af lífinu mínu og ég er svo þakklát fyrir þennan tíma, þetta gaf mér svo margar fallegar sálir og fólk sem kom inn í lífið mitt og auðgaði það, ég endaði meira að segja á því að finna ástina í Þórmörk.“

Bílinn vildi að þau hittust oftari

Eins og fyrr segir er Mummi, bróðir Einars eigandi Skálakots en þau bjóða upp á hestaferðir inn í Þórsmyrk. „Þar sem ég var umsjónarmaður fóru samskiptin í gegnum mig og þannig kynntumst við Mummi og í kjölfarið ég og Einar.

Fyrir tæpum 3 árum kynntumst við Einar og urðum strax góðir vinir, en á þeim tíma átti hann konu svo það var ekkert meira en vinátt á milli okkar. Hann hjálpaði mér að finna lítið hús sem ég leigði en skömmu seinna urðum við nágrannar þegar leiðir hans og fyrrverandi konu hans skildu. Ég var alltaf að leita til hans því að bíllinn sem ég átti var alltaf að bila, ég var farin að grínast með að bíllinn vildi að við hittumst oft en svo bara gerðust hlutirnir frekar hratt, við vorum þá þegar góðir vinir og höfðum þekkst í góðan tíma svo það var nokkuð auðvelt að taka vinasambandið á nýtt stig, svo nú er ég hér,“ segir Jana og horfir auðmjúk og dreymin í kringum sig á þessum stórbrotna stað.

„Mér finnst frekar merkilegt að hugsa til þess hvernig lífið mitt er orðið að

einhverju sem ég hefði aldrei búið við. Þegar ég var í listnáminu voru svo margir þar sem voru að mínu mati listamennt. Þeir voru svo góðir og mér fannst eins og að ég gæti aldrei sýnt mín verk því þau stæðust ekki samanburð við þeirra. Ég held að þetta sé að hluta til hugarástand Tékkneska fólksins, að okkur finnist við ekki nógu góð. Ég fann þetta líka þegar ég talaði ensku, ég var alltaf svo hrædd við að tala hana því ég gæti gert mistök, á Íslandi er þetta gerólíkt og viðhorfið hér hefur algjörlega breytt minni sjálfsmynd.“

Var viss um að enginn vildi kaupa teikningarnar hennar

Í upphafi var ég ótrúlega feimin við að sýna fólki það sem ég teiknaði. Þetta byrjaði allt í Þórsmörk þegar vinkona mín bað mig um að teikna á póstkort og senda sér. Ég var treg til en ákvað að láta það eftir henni. Ég settist við borð á veitingastaðnum í Húsafelli og byrjaði að teikna. Samstarfsfélagar mínir voru í kringum mig eins og flugur og voru svo heillaðir af því sem ég var að teikna að þeir heimtuðu að ég myndi gera fleiri svona kort og selja þau í móttökunni, ég sagði þeim að þau væru rugluð, það kæmi ekki til greina að ég myndi gera það, enginn myndi kaupa þetta. Einn samstarfsfélaginn sem vann í móttökunni sagði þá: „teiknaðu þrjár myndir og ég skall þær á innan við klukkutíma.“ Hann kom áður en klukkutíminn var lið-



inn, búinn að selja allar þrjár myndirnar og spurði hvort ég ætti fleiri.“

Þetta póstkort vatt á endanum svo uppá sig að í dag hefur Jana lífsviðurværi sitt af því að teikna. „Eftir að ég hætti í Þórmörk var ég að hjálpa til við þrif í Skálakoti en ég þurfti að hætta því því ég hafði allt of mikið að gera. Ég er að gera póstkort, litlar myndir, panorama myndir, Íslandskortin og núna nýlega voða fín kort á striga og er síðan að fá sýnishorn af stuttermabolum með teikningunum mínum á.“ Í ofanálag er Jana að gera tattoo og mun opna stúdíó á Hvolsvelli á næstunni.

Það er þó langt frá því að þetta sé nóg fyrir Jönu, en hún er með ýmislegt á þrjónunum sem við getum vonandi fengið að fylgjast með í nákominni framtíð.

„Ég bjóst alls ekki við því að þetta myndi ganga jafn vel og raun ber vitni. Mér fannst póstkort svo góð hugmynd og langaði að fara af stað með þau því heimurinn er stór, ég er bara ein manneskja og hef ekki ótakmarkaðan tíma eða fjárráð svo ég get ekki ferðast til allra staðanna sem kortin komast á, en með þeim er þó partur af mér sem heim-sækir allskonar staði og gleður fólk. Það var meginástæðan og upprunalega hugmyndin af þessum póstkortum, að geta deilt sjálfri mér, orkunni minni um heiminn, til staða sem eru mér framáandi,“ segir Jana að lokum.

Viðtal og myndir:
Helga Guðrún Lárusdóttir

Nú er opið á laugardögum

Við bætum þjónustuna á Selfossi með því að hafa opið á laugardögum milli klukkan 10:00 og 14:00.



FÓÐURBLANDAN

www.fodur.is
fodur@fodur.is

FB Reykjavík
Korngarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Dufþaksbraut 1
570 9850

SENDUM UM ALLT LAND

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudega kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL
í Grænumörk, Selfossi.
Sími 894 4107.

Skrifstofa félagsins er
lokuð í sumar frá 1. júní til
1. sept. 2022.

Sími formanns er 698 3110.
Sími gjaldkera er 894 9465.

GOLFÆFINGAR
á Svarfhólsvelli þriðjudegs-
og fimmtudagsmorgna

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
 S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta

**KRANAVINNA
GRÖFUVINNA**
25 ÁRA REYNSLA

Diddi S. 861 4966



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

PÍPULAGNIR

Get bætt við mig verkefnum.

Júlíus Arnarson
Pípulagnameistari.

Sími 772 1456 - ornja@bttnet.is

Traktoratorfæra á Flúðum um versló



KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja
Messa á sunnudaginn kl. 11.
Þemað er: „Af ávöxtunum skul-
uð þér þekkja þá.“ Altarisganga
og ungarnaskírn, bæði sakra-
mentin. Kirkjan öllum opin. Sr.
Kristján Björnss., vígslubiskup.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyrangei 67, Selfossi, 6. ágúst.
Bíblíulexíur kl. 11. Guðsþjónusta
fellar niður. Verið velkomin.

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Húsnæði óskast
Óska eftir 1-2ja herb. húsnæði á
Selfossi eða í Hveragerði Uppl. í
síma 866 6597.

BÍLAR

SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIETTUR

Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Ofar jörðu í ágúst

Föstudaginn 5. ágúst frá kl. 15-17 opnar Ásdís Hoffritz sýningu á verkum sínum í Gallery LISTASEL sem er staðsett við hringtorgið, í nýja miðbænum á Selfossi. Ásdís Hoffritz er fædd og uppalin á Selfossi en hún hefur unnið sleitulaust að list sinni síðan um aldamótin síðustu og sótt fjölda námskeiða á tímabilinu. Í Gallery

LISTASEL sýnir Ásdís nú verk undir titlinum „Ofar jörðu“. Málverkin eru öll unnin með olíu á striga en auk þess sýnir Ásdís útskorna fugla en saman mynda þessi verk eina heild sem tengjast frelsi og dýrðleik náttúrunar á einn eða annan hátt. Sýningarstjórn annaðist Guðrún A. Tryggvadóttir.



Bravó sunnlendingar! Brúartorg sannaði sig í brekkusöng

Magnað var það um Verslunarmannahelgina á Selfossi, þegar nýji miðbærinn breiddi faðminn móti þúsundum gesta og risaskjárnir kastaði Brekkusöng Selfyssingsins Magnúsar Kjartans Eyjólfssonar yfir hafið og heim. Magnús er for-söngvari og gítarleikari Stuðlabandsins. Herjólfssalur ómaði af söng og sama staða var í tröppusöng Selfyssinga á Brúartorgi. Ekki laust við að Egill Thorarensen tæki undir þegar sungið var „Ég er kominn heim.“ Bergmálið er enn að endurkastast frá Ingólfsfjalli. Miðbærinn nýji hefur sannað enn eitt gildi sitt að við eigum magnað „Álfaskeið“, á ný þar sem héraðsbúar og gestir okkar sletta úr klaufunum.

Þegar ég segi Álfaskeið er ég að vísa til æsku minnar þegar Álfaskeiðshátíðir voru haldnar á hverju sumri eða Þjórsártúnsmótin. Með stolti getum við nú sagt að hér í sveitarfélaginu okkar Árborg sé kominn einn flottasti miðbær í Evrópu,

veitingarstaðir, verslanir, samkomustaðir að opna og svo þetta magnaða Brúartorg með risaskjá. Þó er aðeins um einn fjórði af þessum ævintýrlega miðbærisinn. Framtíðin er björt og lífið skemmtilegt.

Guðni Ágústsson





Brit

Gæludýrið þitt á það skilið

Veglegur kaupauki fylgir hverjum seldum 12 kg poka af Brit Care hundafóðri.

Kaupaukinn gildir í verslunum Dýraríkisins, í Reykjavík og á Selfossi, meðan birgðir endast.





85% kjøt og ofurflæða



Frábær bragðgeði



Illandi gott



Auðvelt að bita i sundur



Öruggt hráefni og upprunalegt bragð

britpetfood.com



RÆSTITÆKNIR

Bygðasafn Árnesinga á Eyrarbakka auglýsir eftir ræstitækni.

Verkefnið er ræsting húsakynna safnsins eftir nákvæmri starfslýsingu.

Um er að ræða 30-50% starf.

Laun eftir kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við FOSS.

Nánari upplýsingar gefur Lýður Pálsson safnstjóri í síma 891 7766 eða lydurp@byggdasafn.is

Umsóknarfrestur til 12. ágúst 2022.
Æskilegt væri að nýr ræstitæknir gæti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist á lydurp@byggdasafn.is.

Bygðasafn Árnesinga.



Ferðanefnd FEBSEL býður upp á Rangárþing 17. ágúst 2022

Lagt af stað frá Grænumörkinn kl 11:00 og ekið sem leið liggur upp Holtin og síðan í hádegismat hjá Hótel Stracta þar sem boðið er upp á súpu og fisk dagsins. Ökum síðan upp Rangárvelli að torfbænum Keldum, þar sem okkur er boðið upp á að skoða bæinn í 15-20 manna hollum, við kíkjum síðan kanski á Gunnarsstein sem stendur við Rangá skammt frá Keldum, þar sem einn frægasti bardagi Njálu fór fram. Á heimleið fáum við okkur kannski ís á góðum stað. Fararstjóri okkar í þessari ferð er Hannes Stefánsson.

Verð pr mann er kr. 10.000,-.

Aðeins ein rúta verður í ferðinni og þar af leiðandi takmarkast fjöldi farþega, fyrstir koma fyrstir fá.

Nefndin bendir á, að hver og einn þátttakandi er á eigin ábyrgð.

Bókanir í ferðina eru hjá nefndinni og í Grænumörk 5

Sirry Helgi Ingibjörg

s. 863 7133
s. 860 7032
s. 864 2972



Mynd: Elí Kristberg Hilmarsson.

Þjóðhátíðarstemning á Selfossi

Á aðfaranótt mánudags var blásið til þjóðhátíðarveislu í miðbæ Selfoss, þar sem fjöldi fólks safnaðist saman og naut þess að hlusta á og syngja með brekkusöngnum sem var streymt beint þangað úr Vestmannaeyj-

um og varpað á stórt tjald. Samkvæmt ánægðum miðbæjargesti var þetta það sem hún hélt að kæmist næst því að vera í eyjum af því sem hún hafði áður reynt. „Þessi miðbær sko. Það var fólk allstaðar, allir stólarnir frá Mess-

anum voru settir út á stétt, einhverjir sátu á stéttinni, aðrir í tröppunum og það var bara alveg geggjuð þjóðhátíðarstemning, allir svo glaðir og allt svo frábært, ég get ekki beðið eftir því að endurtaka þetta að ári.“ hgl

Fjórða umferð Íslandsmeistaramótsins á Selfossi

Fjórða umferð í Íslandsmeistaramóti í motocross fór fram helgina 22.-23. júlí á Selfossi á vegum motocrossdeildar UMFS. 75 keppendur voru skráðir til leiks og tókst dagur vel. Á tveimur köflum í brautinni var mjög blautt og brautin krefjandi sem reyndi vel á keppendum. Iðkenndur UMFS lentu í verðlaunasætum í nokkrum flokkum, í unglingaflokk sigr-

aði Eric Máni Guðmundsson, í kvennaflokk varð Ásta Petrea Hannesdóttir í þriðja sæti, í kvenna 30+ varð Ragnheiður Brynjólfssdóttir í þriðja sæti og í MX2 hobby varð Sindri Steinn Axelsson í öðru sæti. Alexander Adam kuc lenti í fjórða sæti í MX2. Síðasta keppni sumarsins fer svo fram í Bolaöldu þann 27. ágúst næstkomandi.



FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir

TAXI SELFOSSI
482-3800

BRACAF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi
Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Rétting og málun
Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

HREINGERINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steintéppabreinsun, téppabreinsun, bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Fneint um allt Suðurland

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Sprettur ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvik Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnapjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGD
Útfarapjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

Jiibbii
Siggafærðir
- Flutningapjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvalsöðullur
Sími 772 6010